



Nefndarsvið Alþingis  
b/t Velferðarnefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Kópavogi 10.apríl 2024

## Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp til nýrra sóttvarnalaga, mál nr. 529

Hér verður aðallega tekið á þrenns konar athugasemdum er varða formsatriði frumvarpsins, ekki efnislegu innihaldi þess né innihaldi og hugsanlegum áhrifum 304 breytingartillagna alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (IHR, International Health Regulations 2005) sem hafa ekki enn verið samþykktar hjá WHO, Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Frumvarpið sjálf er með hástemmdu og full víðu orðalagi óskýrra og almennt orðaðra markmiða, en greinilega ætlað að fylla það upp og skýra markmið þess nánar með tugum (yfir 50) reglugerðabreytinga WHO IHR, ef og þegar þær verið samþykktar hjá WHO í lok næsta mánaðar, því enn til umræðu og breytinga í nefnd WHO. Framtíðarmynd og markmið hinna nýju sóttvarnalaga Íslands er því ætlað að ná endanlegri og skýrri mynd í óljósri og ósamþykktri reglugerð WHO (IHR). Af hverju er slíkur asi á að samþykkja frumvarp sem öllum enn óljóst raunverulegt innihald þess og markmið? Í stað þess að staldra við þar til bæði þingmönnum og almenningi orðið ljóst hvað er verið að samþykkja? Auk þess ætti að vera ljós brýn þörf almennrar umræðu þegar sjálfsákvörðunarréttur einstaklinga og fullveldi landsins getur legið að veði.

### Stjórnarskráin er í gildi

Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er kveðið svo í nokkrum greinum hennar:

- 1.gr. "Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn" og í
- 2.gr. "Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið...", ennfremur í
- 9.gr. "Forseti Íslands má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaafyrirtækja."

Hæstaréttardómar ágreiningsmála framsals valds liggja fyrir sem brjóta í bága við stjórnarskrá Íslands, m.a. mál nr. 15/2000 sem stríðir gegn gr. 72. og 75. grein stjórnarskrárinnar.

### A. Ólöglegt framsal lagasetningarvalds Alþingis til þriðja aðila,

hér yfirþjóðlegs valds ókjörinna aðila WHO. Samkvæmt stjórnarskránni 1.gr. og 2.gr. er ólöglegt að framselja lagasetningarvald Alþingis til þriðja aðila, hér yfirþjóðlegrar stofnunar WHO.

Þess utan ætti að vera óþarfi að taka hér fram, sem er á allra vitorði, að WHO er fjármagnað að mestu (88%) af einkaaðilum og NGOs (skv nýlegri grein í British Medical Journal), en samkvæmt heimasíðu WHO er það sagt 84%, þó markmið stofnunarinnar fram til 2030 sé stefnt að því að ná niður í 50-50 hlutdeildar rekstrarfés stofnunarinnar, jafnt milli einkafyrirtækja og aðildarríkja WHO. Þessum fjárfrahlögum einkaaðila bindur stofnunina því skilyrt bæði að markmiðum og verkefnum WHO.



Aðeins 12% rekstrarféa WHO eru framlög þeirra 194 aðildarríkja sem eru meðlimir að WHO, auk tveggja þjóða til viðbótar með aukaaðild. Af sem áður var hvað varðar starfsemi og markmið þessarar stofnunar, það er breytt. Í dag nánast að öllu leiti háð og undir áhrifum einkaaðila.

**B. Niðurstöður breytinga alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (IHR) liggja ekki fyrir**, ef ætlunin að fara með lagafrumvarpið til 3ju umræðu og atkvæðagreiðslu núna á vörpingi. Um breytingartillögur IHR verður tekin ákvörðun í atkvæðagreiðslu hjá WHO 27.mai - 1.júní 2024. Því er alls óljóst hvort þær 304 breytingartillögur IHR samningsins verði samþykktar og í hvaða formi þær verða. Hvernig fer með þau ~50 innskot reglugerða sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði bætt við síðar í lögina og byggjast á breyttri alþjóðaheilbrigðisreglugerð (IHR) þar sem m.a. gert ráð fyrir **boðvaldi WHO yfir farsóttamálum aðildarríkjana 194, í stað ráðgefandi hlutverks** eins og hingað til verið. Því má vera ljóst að með þessum nýju lögum er ætlunin að binda í íslensk lög að ákvæði WHO IHR fari með yfirstjórn farsóttamála hérlendis sem annarra aðildarríkja (194). Faröldrum sem frkvstj WHO einn ákveði hvenær faraldrar eigi sér stað og það út frá viðum og illa skilgreindum ákvæðum í núverandi breytingartillögum IHR. **Þetta jafngildir framsali lagasetningarvalds Alþingis til þriðja aðila, WHO**. Ekki síst þar sem höfum einnig haft miður góða reynslu af ráðum þeirrar stofnunar í síðasta faraldri Covid-19. Síðan óvissa innsetninga ~50 reglugerða byggðra á IHR, af núverandi eða síðari ráðherrum? Á það að vera í höndum viðkomandi ráðherra á hverjum tíma, sem velur úr þessum 304 breytingartillögum WHO IHR, ef og þegar þær verða samþykktar hjá WHO? Mjög þögn hefur verið um þær 304 breytingartillögur sem liggja fyrir nefnd WHO hingað til, en frést að þær hafa tekið einhverjum breytingum þó eðlilega óljóst hvað verður á endanum samþykkt.

Hér er að finna mars útgáfuna af IHR.

<https://keionline.org/misc-docs/who/inb9.wed.27march.pdf>

Er þessum nýju sóttvarnalögum ætlað að vera einskonar **Trojuhestur óútfylltra ósamþykktara breytingartillagna og síðar fyllt í með ~50 reglugerðum?**

Liggur virkilega svona á með samþykki þessara nýju sóttvarnalaga þannig að lagasetningarvald Alþingis sé framselt fyrirfram og það áður en breytingartillögur IHR hafi verið samþykktar - það væri því gert með ólögumætum hætti sem stríðir gegn stjórnarskrá Íslands.

**C. Óeðlilegir hagsmunaárekstrar höfunda frumvarpsins og yfirþjóðlegra stofnana**

Um augljósa hagsmunaárekstra er því miður um að ræða þegar einn flutningsmanna hinna nýju sóttvarnalaga er fyrrverandi forsætisráðherra landsins og núverandi frambjóðandi til forsetakjörs Íslands. Auk þess að vera einn flutningsmanna stjórnarfrumvarps til nýrra sóttvarnalaga og ólöglegs framsals umsýslu og lagasetningarvalds landsins til yfirþjóðlegra aðila alþjóðlegrar stofnunar, sem jafnframt eru ókjörmir og ábyrgðarlausir fulltrúar

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og annarra hagsmunasamtaka (NGOs) og hagsmunasamtaka eins World Economic Forum (WEF). (Samkvæmt stofnsamningi WHO tekur stofnunin enga ábyrgð á gerðum sínum og er því um ábyrgðarlausu stofnun að ræða).

Veit ekki til að Katrín Jakobsdóttir hafi gert grein fyrir hlutdeild sinni fyrir Alþingi, allavega ekki fyrir þeim aðilum sem kusu hana til setu á Alþingi Íslands. Er hér um að ræða launuð embætti eða umbunað með öðrum hætti? Eða er hér einungis um að ræða alvarlega hagsmunaárekstra



handan hagsmuna íslenskra þegna og þeirrar ábyrgðar sem felst í kosningu viðkomandi til embættis til að gæta hagsmuna íbúa þjóðar? Slík óvissa fellur örugglega ekki vel að hagsmunum eða vilja kjösenda og þeirrar stöðu sem hún hefur setið í sem forsætisráðherra og þess embættis sem hún sækist eftir, til forseta Íslands.

**"Forsætisráðherra verður sendiherra velsældarverkefnis WHO"**

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/06/16/Forsaetisradherra-verdur-sendiherra-velsaeldarverkefnis-WHO/> og

**Agenda Contributor / World Economic Forum** sem einn þeirra aðila WEF sem flokkast sem stefnumótandi aðili þeirra hagsmunasamtaka.

<https://www.weforum.org/agenda/authors/katrin-jakobsdottir/>

Þó einungis væri tekið tillit til fyrstu tveggja greina stjórnarskrárinnar þá er öllum ljóst að ólöglegt er að framselja slíkt lagasetningarvald til þriðja aðila annarra en Alþingis Íslands. Sóttvarnalög hin nýju eru framsal til þriðja aðila annarra en Alþingis, hér til yfirþjóðlegra aðila Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Slíkt er ólöglegur gerningur sem brýtur á stjórnarskrá landsins.

Hvernig eiga íslenskir þegnar orðið að vita hvaða reglur gilda orðið í Evrópu, þegar allskyns gerðir, bókanir, reglugerðir, tilskipanir og lagabálka er um að ræða og er það hvergi kynnt fyrir almenningi hér á landi hvaða reglur og lög eru í gildi eða hvað er í húfi slíkra gerninga. Hafa þingmenn á Alþingi yfirsýn yfir það? Við almenningur gerum það ekki.

Einfaldast og réttast er að þessu frumvarpi til nýrra sóttvarnalaga verði sópað undir teppið hið snarasta, að lágmarki svæft að sinni en að bestu dregið til baka, og að endurmat fari fram á áhrifum þeirra á hagsmuni þjóðar og stjórnarskrá landsins, sem þessum ólöglerða lækni er ómögulegt að sjá annað en stríði alvarlega gegn hvorutveggja, undirstöðum lýðræðis okkar og fullveldis.

PS. Biðst velvirðingar á seinkomnu erindi umsagnar við frumvarpið vegna óvenju stutts frests til umsagnarréttar sem gefinn eftir endurupptöku frumvarpsins. Afsökunarbeiðni hefur þegar verið áréttuð og komið á framfæri við nefndarsvið Alþingis.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Karl Snæbjörnsson læknir  
Sérfræðingur í lækningum  
Lundur 12  
200 Kópavogi